

Reykjavík 8. febrúar 2021

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhóls götu 7
101 Reykjavík

**Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannavarnir
nr. 82/2008 með síðari breytingum.**

Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Í samráðsgátt stjórnvalda er kallað eftir umsögnum um frumvarp til laga um almannavarnir. Slysavarnafélagið Landsbjörg (SL) vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið.

Í ljósi þess að nú er aðeins verið að endurskoða lögina að hluta og að stefnt er að heildarendurskoðun á næsta ári setur SL athugasemdir sínar fram í tvennu lagi; annars vegar þær athugasemdir sem SL telur mikilvægt að litið sé til við núverandi endurskoðun og hins vegar athugasemdir sem SL telur að megi tilheyra heildarendurskoðun laganna.

Athugasemdir varðandi frumvarpið.

Skilgreiningar/orðskýringar vantar að mestu í frumvarpið sem og gildandi lög. SL leggur til að eftirfarandi hugtök verði að lágmarki skilgreind:

- Aðgerðastjórn
- Vettvangsstjórn
- Neyðarástand
- Náttúruhamfarir
- Almannavarnaástand
- Viðbragðsáætlun
- Yfirstjórn almannavarnaaðgerða.
- Stjórn almannavarnaaðgerða
- Samhæfingar- og stjórnstöð
- Samhæfð almannavarnaviðbrögð

1. grein frumvarpsins (2. grein laga um almannavarnir).

SL styður skýrari framsetningu laganna og fagnar því að skýrar sé kveðið á um virkjun valdsheimilda.

2. og 3. grein frumvarpsins (II kafli og 3. grein laga um almannavarnir)

SL styður breytingu á ákvæðum um almannavarnaráð sem er mun skýrara nafn og minnkar líkur á ruglingi við þjóðaröryggisráð. Einnig fagnar SL að andlag stefnumótunar sé lengt í fimm ár.

5. grein frumvarpsins (5. Grein laga um almannavarnir)

SL fagnar skýrari framsetningu á lögnum hvað varðar almannavarnastig. SL fagnar einnig sérstaklega nýju ákvæði varðandi lægri þröskulda fyrir aðkomu erlends hjálparliðs.

SL vill benda á að einnig mætti setja inn ákvæði um undanþágur fyrir endurkomu hunda björgunarsveitafólks sem færi til hjálparstarfa erlendis.

10. grein frumvarpsins (16. grein laga um almannavarnir)

Skýra má betur skyldu sveitarfélaga til að gera hættumat og kanna áfallapól sitt. Hættumat kemur ávallt á undan mati á áfallapóli. Einnig þarf að kveða á um hvað skuli til bragðs taka standi sveitarfélag ekki undir þeim skyldum. Skoða mætti ábyrgð opinberra aðila sem bera ábyrgð á uppbyggingu og/eða rekstri á mikilvægum innviðum í þessu samhengi. Einnig er mikilvægt að viðbragðsáætlanir séu æfðar reglulega. Jafnvel mætti gera það að skilyrði að ekki megi undirrita viðbragðsáætlun án þess að hún sé æfð.

14. grein frumvarpsins (28. – 31. grein laga um almannavarnir)

SL styður nýtt rýnifyrirkomulag svo fremi að efndir verði á. Afar mikilvægt er að allar aðgerðir Almannavarna eða aðgerðaleyfi séu rýndar.


Athugasemdir varðandi gildandi lög sem veganesti í heildarendurskoðun

Hér eftir fara nokkur áherslumál sem SL telur að séu mikilvæg við fyrirhugaða heildarendurskoðun almannavarnalaganna.

- SL hefur ítrekað bent á að mikilvægt sé að tryggja sjálfstæði almannavarna og að ekki sé heppilegt að almannavarnir séu undir stjórn eins viðbragðsaðila.
- Mikilvægt er að klára innleiðingu á SÁBF meðal allra viðbragðsaðila og þarf sérstaklega að horfa þar til samspili SÁBF og IAMSAR í leit og björgun á hafinu og lofthelgi Íslands.
- Mikilvægt er að efla viðbragðsáætlanagerð til að tryggja fumlaus og samhæfð viðbrögð.
- Mikilvægt að skilgreina í lögum sérgreint fjármagn í árlegan rekstur Samhæfingarstöðvarinnar til að sjálfstæði stöðvarinnar verði tryggt.
- Skoða mætti ákvæði um almannavarnanefndir. Skýra betur hvaða aðilar eigi sæti í almannavarnanefndum og á hvaða forsendum. Hvað varðar forvarnahlutverk almannavarnanefnda þá væri æskilegt að SL og RKÍ ættu föst sæti í almannavarnanefndum í ljósi slysavarnahlutverka samtakanna.
- Tryggja mætti í lögum að aðgerðastjórnnum sé tryggt ásett看leg aðstaða í hverju umdæmi.
- Kveða mætti á um í nýjum lögum að allir viðbragðsaðilar sem eru með hlutverk í viðbragðsáætlun staðfesti áætlunina með sinni undirritun til að fyrirbyggja að aðilar séu skrifaðir inn í áætlun án þeirra vitundar.
- Endurskoða má kostnaðarskiptingu milli sveitafélaga og ríkis vegna almannavarna. Mikilvægt er að engin óvissa sé varðandi kostnaðarskiptingu almannavarna aðgerða.

Virðingarfyllt

Slysavarnafélagið Landsbjörg



Jón Svanberg Hjartarson

framkvæmdastjóri